



## Aflamark Byggingastofnunar Samkomulag um aukna byggðafestu á Sunnanverðum Vestfjörðum

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu á allt að 400 þorskígildistonna Aflamarks Byggingastofnunar fiskveiðiárin 2024/2025, 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030 í því skyni að treysta byggðafestu. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila dags. 28. maí 2024, sem er fylgiskjal með samningi þessum og samþykktar stjórnar Byggingastofnunar 14. ágúst 2024.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggingastofnun, kt. 450679-0389, Sauðármyri 2, 550 Sauðárkróki
- Oddi hf., kt. 550367-0179, Eyrargötu, 450 Patreksfirði
- Stegla ehf., kt. 540102-5540, Túngötu 35, 460 Tálknafirði
- Ba-337 ehf., kt. 450508-0390, Móatúni 17, 460 Tálknafirði
- Garraútgerðin ehf., kt. 660207-0230, Eyrarhúsum, 460 Tálknafirði

### 1. Markmið

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu í byggðarlaginu. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, þ.e.a.s. að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í byggðarlaginu.

### 2. Samningstími og árangursmat

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2024/2025, 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030. Í lok hvers fiskveiðiárs skulu samningsaðilar gera Byggingastofnun grein fyrir framgangi verkefnisins á nýliðnu fiskveiðiári og hvort árangursviðmið hafi náðst, á því formi sem stofnunin óskar. Við lok samningstímans verður lagt mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir.

### 3. Fyrirvari um magn

Samningurinn er gerður með fyrirvara um það magn sem ráðherra ákvarðar með reglugerð skv. 10. gr. a. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sbr. 3. gr. sömu laga til Aflamarks Byggingastofnunar ár hvert.

### 4. Fjöldi starfa, vinnslumagn og áhrif á atvinnulíf og samfélag

Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda, vinna það magn, auk annars mótframlags, og sinna þeim jákvæðu áhrifum á atvinnulíf og samfélag sem fram koma í umsókn þeirra.

AMÉ  
IA  
J.J. 9/10



#### 5. Samstarf aðila

Samstarfsaðilar Byggðastofnunar skulu gera með sér samkomulag um veiðar og vinnslu, sem er fylgiskjal með samningi þessum, og tekur m.a. á skiptingu Aflamarks Byggðastofnunar á milli aðila, mótframlag hvers aðila og verðviðmiðun í uppgjöri milli veiða og vinnslu. Undirrituðu afriti samkomulags skal skila til Byggðastofnunar og eru skil á því forsenda úthlutunar aflamarks samkvæmt samningi þessum.

#### 6. Framsal aflamarks

Framsal aflamarks sem er úthlutað samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið. Samningsaðilar skulu gera grein fyrir öllum slíkum skiptum og/eða vistunarsamningum þannig að ljóst sé með samanburði við gögn Fiskistofu hvernig umsamið Aflamark skilar sér til veiða og vinnslu samkvæmt samningi þessum.

#### 7. Breytingar á högum

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er. Forsvarsmenn samningsaðila skulu tilkynna stofnuninni um breytingar á eignarhaldi samningsaðila og bera ábyrgð á því að eignarhald félaga samningsaðila sé í samræmi við lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 með síðari breytingum.

#### 8. Eftirlit

Vegna eftirlits með framkvæmd samnings er Byggðastofnun m.a. nauðsynlegt að fá aðgang að upplýsingum úr gagnagrunni Fiskistofu. Með vísan til 1. mgr. 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 veita samningsaðilar samnings þessa um aukna byggðafestu (Aflamark Byggðastofnunar), Byggðastofnun hér með umboð til að fá þær upplýsingar úr gagnagrunni Fiskistofu, auk upplýsinga frá öðrum yfirvöldum, þar með talið skattfyrvöldum, sem hún telur nauðsynlegar vegna eftirlits með samningi þessum á því formi sem sérfræðingar viðkomandi stofnana koma sér saman um.

#### 9. Samningsbrot

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðar nr. 643/2016 verið brotin sbr. 9. greinar hennar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða auk afturköllunar úthlutunar. Sé úthlutað Aflamark Byggðastofnunar nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða áður nefndri reglugerð skal útgerðarútgerðaraðili skila sama magni aflamarks aftur til Byggðastofnunar.

#### 10. Umsýslugjald

Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 14. gr. laga um Byggðastofnun er stofnuninni heimilt að taka gjald fyrir umsýslu vegna aflamarks Byggðastofnunar. Gjaldið ákvarðast **að lágmarki 20** vinnustundir samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar hverju sinni og er innheimt við úthlutun hvers fiskveiðiárs. Verði umsýsla vegna samningsins verulega umfangsmeiri á tímabilinu verða fleiri vinnustundir innheimtar samkvæmt tímaskýrslum starfsmanna og gjaldskrá hverju sinni. Gjald dagi umsýslugjalds er 1. september ár hvert á samningstímabilinu og eindagi 15 dögum síðar.

AMÉ  
JA  
J.J. 9/10  
GP



### 11. Birting samnings

Bygðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.


### 12. Gildistími samnings

Samningurinn gildir frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2030 og fellur þá úr gildi án sérstakrar tilkynningar samningsaðila.

Tálknafröi \_\_. september 2024




f.h. Bygðastofnunar



f.h. Odda hf.



f.h. Steglu ehf.





f.h. Ba-337 ehf.



f.h. Garraútgerðarinnar ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

  
261066-8879

  
23095-2469